

Frásögn í Kjalnesingi í mars 1931.

## Brúarlandsför

Þau tíðindi bárust í vetur drengjunum hér í skólanum á Klébergi, að stallbræður þeirra í skólanum á Brúarlandi hefðu í hyggju að bjóða þeim til glímukeppni áður en langt um liði. Þótti þeim þetta tíðindum sæta. Hér var nýtt á ferðum, og hugðu þeir gott til þess að fá tilbreytni og skemmtun, og suma fór að dreyma um frægð og frama. En eins gættu þeir ekki, og það var að búa sig eftir megni undir það, sem í vændum var. Svo kom boðið. Ellefu drengir ákváðu að fara, og nú var hafist handa með undirbúning. Æfingar voru hafðar í frímínútum og engin stund látin ónotuð. Sunnudagsmorguninn 22. marz [1931] lagði hópurinn af stað. Við fórum með mjólkurbílnum og var hann þétt skipaður. Flestir glímumennirnir höfðust við úti og voru þeir kátir á leiðinni. Þegar við komum að Brúarlandi, stóð skólástjórinn þar við veginn, ásamt álitlegum hóp nemenda sinna, til að bjóða okkur velkomna. Yfir þeim blakti fáni okkar á stöng, vingjarnlega, sem frekara tákn þess að við værum velkomnir. Skömmu síðar hófst glíman. Hún fór fram í samkomusalnum á Brúarlandi, og stjórnaði henni Ólafur Þórðarson á Æsustöðum. Áhorfendur nokkrir úr nágrenninu voru þar komnir, til að fagna framkomu sveitunga sinna.

Átta drengir úr Brúarlandsskólanum tóku þátt í glímunni. Voru þeir á aldrinum frá 10-14 ára, eins og þeir sem héðan fóru. Fljótlega mátti sjá hvorir hafa myndu betur. Brúarlandsnemendurnir voru vel æfðir, fylgnir sér og hinir liðlegustu. Klébergsnemendur skorti auðsjáanlega æfingu og leikni, en hvorki afl né hæfileika. Báðir flokkar komu vel fram og drengilega. Aldrei sást að níðst væri á brögðum, og glíman fór vel fram frá upphafi til enda.

Niðurstaðan varð sú, að meirihluti Brúarlandsmanna fékk enga byltu, og hinir ýmist 1 til 2 eða 3. Gagnstæð varð útkoman hjá okkar mönnum. Magnús Magnússon og Finnur Ólafsson fengu 2 vinninga hvor. Haraldur Einarsson, Guðbjartur Guðbjartsson og Kolbeinn Kolbeinsson fengu 1 vinning hver. Tómas Þorvarðarson meiddist og varð að hætta eftir nokkrar glímur. Glímurnar voru alls um 80.

Þegar glímunni var lokið, þökkuðum við fyrir boðið og viðtökurnar, og gátum þess, að flestir myndu hafa hug á því að reyna aftur síðar, t.d. að vetri, ef verða mætti að mismunurinn yrði þá ekki eins mikill.

Því næst var okkur boðið til kaffidrykkju. Að henni lokinni söng hópurinn nokkur lög undir forystu frú Kristínar Magnúsdóttur, og síðan var haldið heim. Allir virtust vera ánægðir með förina, enda var hún

hin skemmtilegasta. Auðvitað hefðum við frekar kosið að haft fleiri vinninga, en góð framkoma og yfirburðir mótstöðumanna var mikil bót í máli.

Auk þess gæti þessi för orðið uppvaxandi kynslóð þessarar sveitar bending og hvatning til að sækja fram með atorku og afli, og keppa eftir því að sál þeirra og líkami nái sem mestum og beztum þroska, svo að þeir geti notað hæfileika sína þegar með þarf. Ef til vill getur hún opnað augu unglínganna fyrir þeirri staðreynd, að sá, sem ekki „ver sér öllum til“, verður eftirbátur annarra. Þess mundi verða hollt fyrir þá að minnast síðar, þegar þeir verða komnir á sinn stað í lífsbaráttunni og farnir að glíma þar við erfiðleikana.

Höf. ók.